

Mars 2014

Upplýsingastefna Ríkisendurskoðunar

1. Ytri upplýsingamiðlun

1.1 Forsendur og markmið

1. Ríkisendurskoðun (RE) er sjálfstæð og óháð stofnun sem starfar á vegum Alþingis. Meginhlutverk hennar er að endurskoða reikninga ríkisaðila, hafa eftirlit með og stuðla að umbótum á fjármálastjórn ríkisins og nýtingu almannafjár.
2. Ytri upplýsingamiðlun RE er í samræmi við lög um stofnunina nr. 86/1997 og staðal Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana um gagnsæi (ISSAI 20).
3. Niðurstöður athugana RE skal birta opinberlega nema þær varði málefni sem leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls eða ef birting þeirra er talin geta skaðað viðkomandi starfsemi.
4. Skýrslur og önnur rit RE sem gerð eru opinber eiga einkum að nýtast Alþingi við eftirlit þess með framkvæmdarvaldinu og stuðla að umbótum í opinberum rekstri.
5. Öflug og vönduð ytri upplýsingamiðlun er ein forsenda þess að RE geti rækt hlutverk sitt og náð árangri.
6. RE hefur frumkvæði að því að miðla upplýsingum um hlutverk sitt og störf.
7. Upplýsingar skulu settar fram á skýru, einföldu og vönduðu nútímamáli. Forðast skal óþarflega sérhæft eða tæknilegt málfar. Leitast skal við að setja upplýsingar fram á myndrænan hátt þar sem því verður við komið.
8. RE leitast sérstaklega við að laga ytri upplýsingamiðlun sína að þörfum eftirtalinna markhópa:
 - a. Alþingismanna
 - b. Stjórnenda ráðuneyta og stofnana
 - c. Fjölmiðla
9. Ytri upplýsingamiðlun RE fer einkum fram með eftirtöldum aðferðum:
 - a. Skýrslum til Alþingis
 - b. Skýrslum, greinargerðum og endurskoðunarbréfum sem einkum beinast að stjórnendum ráðuneyta og stofnana
 - c. Vefsíðu (www.rikisend.is)
 - d. Fréttum og annarri upplýsingagjöf til fjölmiðla
 - e. Þátttöku í opnum fundum, málþingum og ráðstefnum

10. RE stefnir að því að veita aðgang að gögnum stofnunarinnar með hliðsjón af ákvæðum upplýsingalaga nr. 140/2012. Jafnframt stefnir stofnunin að því að birta málaskrá sína og lista yfir gögna á vefsíðu sinni, sbr. 2. mgr. 13. gr. upplýsingalaga.

1.2 Framkvæmd

11. Upplýsingafulltrúi samhæfir ytri upplýsingamiðlun RE í samráði við ríkisendurskoðanda og sviðsstjóra. Upplýsingafulltrúi ritstýrir vefsíðu, hefur hönd í bagga með frágangi og útgáfu skýrsla og annarra rita, annast upplýsingagjöf og samskipti við fjölmiðla og skipuleggur þátttöku stofnunarinnar í opnum fundum, málþingum og ráðstefnum.
12. Skjalastjóri afgreiðir beiðnir um aðgang að gögnum hjá RE í samráði við ríkisendurskoðanda og sviðsstjóra.
13. Ríkisendurskoðandi og sviðsstjórar koma fram fyrir hönd stofnunarinnar í fjölmiðlum. Ríkisendurskoðandi getur ákveðið undantekningar frá þessari reglu.

1.3 Árangursmat

14. RE kannar reglulega hversu vel ytri upplýsingamiðlun hennar mætir þörfum markhópanna, m.a. með reglulegum viðhorfskönnunum. Stofnunin setur sér á hverjum tíma mælanleg markmið um árangur á þessu sviði, sbr. stefnu- og skorkort.

2. Innri upplýsingamiðlun

2.1 Forsendur og markmið

15. Öflug og vönduð innri upplýsingamiðlun er ein forsenda þess að RE geti rækt hlutverk sitt og náð árangri.
16. Innri upplýsingamiðlun styður við framkvæmd stefnukorts (mannauðs- og verklagsmarkmiða) og starfsmannastefnu.
17. Markmið innri upplýsingamiðlunar er að starfsmenn RE hafi á hverjum tíma glöggar upplýsingar um störf hennar, helstu verkefni og annað það sem tengist stofnuninni með beinum hætti.
18. Innri upplýsingamiðlun fer einkum fram með eftirtöldum aðferðum:
 - a. Innri vefsíðu (almennur hluti og vefsvæði einstakra sviða/stoða)
 - b. Starfsmannafundum
 - c. Sviðsfundum
19. Starfsmenn RE hafa frumkvæði að því að afla sér upplýsinga sem máli skipta fyrir störf þeirra, m.a. upplýsingum sem vistaðar eru í skjalakerfi stofnunarinnar.

2.2 Aðferðir og framkvæmd

20. Ríkisendurskoðandi og upplýsingafulltrúi annast innri upplýsingamiðlun sem beinist jafnt að öllum starfsmönnum.

21. Sviðsstjórar og yfirmenn stoða stýra innri upplýsingamiðlun sem beinist sérstaklega að starfsmönnum þeirra sviða/stoða.

1.3 Árangursmat

22. RE kannar reglulega hversu vel innri upplýsingamiðlun hennar mætir þörfum starfsmanna, m.a. með reglulegum viðhorfskönnunum.